

Sælir,

Iðnmark ehf er að framleiða um 150.000kg af snakki á ári í tollflokk 2005 sem síðan flokkast í undirflokk og um 100.000kg af poppkorni undir vörumerkjum Stjörnusnakk, Bónussnakk og Stjörnupopp.

Hjá fyrirtækinu starfa að jafnaði 8 starfsmenn og allar umbúðir er framleiddar hjá Odda prentsmiðju og þar skapast 2.störf, samtals 10.störf.

Öll þessi störf gætu tapast ef verði af fyrirhugaðri tollalækkun umfram samnings sem okkur hafa verið kynntir milli ESB og Íslands

þar sem kemur fram að lækkun á tollum úr 59% í 46% af kartöfluflögum (Potato chips)

Ef Iðnmark færir í útflutning þá mæta okkur tollmúrar t.d í Noregi 59% (töluvert magn er selt til Íslands frá Noregi og þeir fengu frítt aðgengi að markaðinum án þess að gefa neitt til baka) og Færeyjum 20% og það væri vel þegið að þessi lönd felldu niður sinn toll og gjöld. Það er alveg ljóst í okkar huga að þetta verði að virka í báðar átti.

Einnig er fráleitt að fella niður tolla á svo skömmum tíma þar sem við gerum okkar áætlanir í rekstri til 1-2 ára

Við viljum einnig benda á að annað fyrirtæki þ.e. Þykkvabæjar framleiðir snakk og bætist þeirra framleiðsla við magnið sem er framleitt á Íslandi. Að halda því fram í fjölmiðlum af þrýstihópum að engin framleiðsla sé hér á landi er alveg fráleitt.

Hvergi í hinum vestræna heimi sem við höfum heimsótt eru jafnmargar tegundir af snakki en á íslenskum markaði. Það virðist vera selt hingað snakk á undirverði þar sem verðin hér er þau sömu þrátt fyrir 59% toll hingað til lands og þar sem engir tollar eru. Okkar skilningur hefur alltaf verið sá að ekki mætti selja vörur á undirverði til jaðarsvæða. Þetta þyrfti kannski að skoða betur.

Niðurstaða okkar.

- Að fella niður toll af þessu númeri þýðir að öll lönd heims hafa aðgang að okkar smáa markaði
- Iðnmark getur ekki flutt út sýna vöru án tolla sem gætu verið okkar markaðslönd.
- Fjölmörg störf tapast ef af verður
- Alltof skammur tími og engin aðlögun
- Teljum að nýr tollasamningur milli ESB og Íslands hafi ætlað að lækka þennan toll úr 59% í 46% eins og hann var kynntur.
- 

Með bestu kveðju,  
Sigurjón Dagbjartsson